

Um Xavier Durringer

Rithöfundurinn og leikstjórinn Xavier Durringer fæddist 1. desember 1963 í París. Áhugi hans á leikhúsi kviknaði fljótt og stundaði hann nám í hinum þekktu skóla Acting International. Árið 1989 stofnaði hann svo leikflokkinn La Lésarde. Xavier Durringer hefur samið og sett á svið mörg leikverk og meðal þekktustu verka hans eru *Une rose sous la peau* (1988), *La Ouille* (1999) og *Histoires d'Hommes* (2005).

Árlega eru mörg verka hans sviðsett í Frakklandi og þeim löndum þar sem verk hans hafa verið þýdd: Þýskalandi, Bandaríkjunum, Englandi, Búlgaríu, Katalóníu, Spáni, Hollandi og Ítalíu. Textar Durringers vekja athygli vegna þess hversu berorðir og umbúðalausir þeir eru en sögur hans eru oftast um ástina, kvölna sem henni fylgir og flókna tilveru mannsins.

Árið 1993 sneri Durringer sér að kvikmyndum og hefur hann leikstýrt bæði stuttmyndum og myndum í fullri lengd. Kvikmynd hans *La conquête*, sem fjallar um kosningabaráttu Nicolas Sarkozys, fyrirverandi Frakklandsforseta, var tilnefnd til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2011.

Í Króníkum dags og nætur (*Les chroniques des jours entiers et des nuits entières*), sem er frá 1996, eru fjölmargir stuttir prósatextar og samtöl. Textarnir og samtölin sýna glögggt viðfangsefni höfundar: firringu, ofbeldi og tilgang eða tilgangsleysi í mannlegum samskiptum. Þeir eru um lífið, ástina sem okkur dreymir um, sem við deyjum úr, þeir varpa fram spurningum en svara þeim ekki.

Hér hefur úrvali texta úr þessu verki verið snúið á íslensku. Eins og höfundur tekur fram í verkinu skiptir ekki máli í hvaða röð textarnir eru lesnir.